

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 19/2012****2012/EES/34/19****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2011 frá 21. október 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/76/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB að því er varðar eiginfjákröfur vegna veltubókar og endurverðbréfa og eftirlit með starfskjarastefnu <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) og 31. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„– **32010 L 0076**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/76/ESB frá 24. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 329, 14.12.2010, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/76/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 81, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 329, 14.12.2010, bls. 3.

<sup>(\*)</sup> Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.